

6. mars 2004

Við, Eiríkur, Finnur, Gulli og Þorsteinn, fórum af stað undir kl. 9 laugardagsmorguninn 6. mars 2004 á torfæruhjólunum okkar, 2 Hondum CRF450, Yamaha VR250F og KTM 450EXC í leiðangur inn Glerárdalinn. Harðfenni var og veður hið allra besta.

Hjóluðum veginn að Fálkafelli og þaðan yfir Súlumýrar. Fórum svolítið suður fyrir Djúpagilið og síðan upp hlíðina þangað til við vorum komnir á topp Ytri-Súlu.

Þaðan fórum við inn Glerárdalinn að austan (suð-austan) (sá hluti Glerárdals er oft nefndur Syðridalur en Ytridalur hinum megin). Fórum inn að Lamba og þaðan beint niður að Gleránni og yfir ána og upp í hlíðar Tröllahyrnu. Þaðan þeystum við suður Hrútaskeið og að skarðinu á milli Stórastalls og Kistufells. Svo furðulega vill til að þetta fjölfarna skarð á milli Glerárdals og Skjöldals heitir ekki neitt. Það er því fyrir löngu kominn tími til að skíra skarðið og skal það héðan í frá heita KKA-skarðið. Við ókum KKA-skarðið í suður og komum fram á brúnina eða Þrömina eins og hún er nefnd. Við gættum okkur vandlega á því að vaða ekki fram af hengjunni en létum okkur rúlla niður bratta en stutta brekkuna niður í Nyrðrikrók en það er nyrðra botndrag Skjöldals. Við stoppuðum lítið í Nyrðrakróki og héldum ekki áfram niður Skjöldalinn heldur snérum við og fórum til baka í gegnum KKA skarðið og inn í Glerárdalinn aftur. Nú hjóluðum við Ytridal til baka.

Við stoppuðum í hamraskálinni á milli fjallanna Tröllahyrnu og Tröllafjalls. Litum á Tröllin sem eru 30-40 metra háir steindrangar úr svörtu basalti, leifar af berggangi, sem hefur staðið betur af sér veðrunina í Glerárdalnum en mjúkt Líparítið. Tröllafjall dregur nafn sitt af þessum steindröngum. Við hjóluðum úr skálinni og í þó nokkrum hliðarhalla undir Tröllunum og fyrir endann á Tröllahryggnum, þetta er þó fremur stutt leið. Í slíkum hliðarhalla er gott að einbeita sér að því að stíga á fótstiginn halda þunganum neðarlega ekki á stýrinu og ekki stíga fæti niður, ekki nota afturbremsuna og vera mjúkur á gjöfinni, við viljum alls ekki láta afturenda hjólsins renna út undan sér. Ef svo illa vill til að menn detta í slíkum aðstæðum mega þeir undir engum kringum stæðum

missa takið af hjólinu. Stýrið og fótstigin stingast niður í harðan snjóinn og hjólið stöðvast en án hjólsins myndum við þjóta á mikilli ferð niður eftir hlíðinni og sennilega langleiðina upp hinum megin, sem hefði verið í þetta skiptið hinn svokallaði Haus en hann er 836 m hár og stendur gegnt Lamba vestan við Gleránna (sjá myndir).

Þegar við vorum komnir fyrir endan á Tröllahryggnum og niður hinum megin komum við inn á mikið flatlendi sem heitir Tröllaskeið. Þar er að finna Vatnið eða Tröllaspegil eins og það er stundum nefnt. Við þeystum þarna yfir enda vatnið frosið og fennt í kaf. Við fórum svo niður allbratta brekku ofan í Fremri-Lambárdal. Á milli Lambárdalana, Fremri-Lambárdals og Heimari-Lambárdals, er þverskarðið. Snjórinn var of mjúkur í því til að við kæmumst þar upp og í gegn. Við gripum því á það ráð að fara upp á Lambáröxlina og hjóluðum eftir hryggnum þar til við komumst ofan í í Heimari-Lambárdal. Það var ansi brött leið niður. Svo þutum við upp hlíðina hinum megin upp Hlíðarfjallið að suð-austan. Hjarnið var hart og upp snarbratta brekkuna kláruðust gírarnir einn af öðrum, það var furðulegt að stöðugt auka hraðann og skipta hjólinu upp á leiðinni þráðbeint upp þverhnípið. Þá vorum við komnir upp á Vindheimajökul og geystumst beinustu leið upp á Blátind og litum þar á útsýnið. Síðan þutum við um jökulinn niður að vatninu og yfir jökulruðninginn þar fyrir framan og síðan upp á Hnjúkinn en svo heitir einfaldlega hryggurinn sem skilur Krossastaðadalinn og næsta dal fyrir vestan sem er Fossárdalur. Það var ekki leiðinlegt að þjóta upp hlíðarnar sitt hvorum megin í Krossastaðadalnum, upp á Hnjúkinn og niður í Krossastaðadalinn og svo upp Hlíðarfjallið og til baka. Síðan fórum við í hliðarhalla niður eftir Krossastaðadalnum og upp í gegnum Nóngilið, sem er hefðbundinn staður að fara á sleða eins og reyndar mestur hluti leiðarinnar, sem við fórum þennan dag. Við hjóluðum síðan niður Hlíðarfjallið að austan, niður í Hrappstaðaskálina og áfram niður með Hrappstaðaánni og niður að veginum og heim Lögmanshlíðina.

Það þarf vart að taka fram en þessi hjólaferð var stórkostlega skemmtileg.

Þorsteinn Hjaltason.

Sjá myndir úr ferðinni inn á myndir: [Glerárdalur á hjarni 6.mars 2004](#)